

Samantekt

12. september 2023



Amaroq Minerals



Umsjónaraðili með töku til viðskipta



Landsbankinn hf.

Samantekt

A. Inngangur og varnaðarorð

Samantekt þessi skal lesin sem inngangur að lýsingu fyrir kanadíska hlutafélagið Amaroq Minerals Ltd., kanadískt skráningarnúmer 1011468-5, íslensk kennitala 600122-9910, („félagið”, „Amaroq” eða „útgefandinn”), en lýsingin samanstendur af samantekt þessari, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu, allt dagsett 12. september 2023 („lýsingin”). Hvers konar ákvörðun fjárfesta um að fjárfesta í verðbréfunum skal byggja á mati fjárfestis á lýsingunni í heild. Fjárfestar gætu tapað allri eða hluta af fjárfestingu sinni. Höfði fjárfestir dómsmál sem varðar upplýsingar í lýsingunni gætu landslög kveðið á um að fjárfestir þurfi að greiða kostnað við þýðingu á lýsingunni áður en málarekstur hefst. Einungis einstaklingar sem leggja samantektina fram geta borið einkaréttarlega ábyrgð, þar á meðal á hvers konar þýðingu á henni, en einungis ef samantektin er misvísandi, röng eða mótsagnakennd þegar hún er lesin með öðrum hlutum útboðslýsingarinnar eða ef hún veitir ekki, þegar hún er lesin með öðrum hlutum útboðslýsingarinnar, lykilupplýsingar sem fjárfestar geta stuðst við ákvörðun um að fjárfesta í viðkomandi verðbréfum.¹

Útgefandi	Amaroq Minerals Ltd.
Íslensk kennitala	600122-9910
ISIN	IS0000034569
LEI	213800Q21S5JQ6WKCE70
Auðkenni	AMRQ
Vefsvæði	https://www.amaroqminerals.com/
Símanúmer	á ekki við
Lögbært yfirvald sem staðfesti lýsinguna	Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, Íslandi. Netfang: lysingar@sedlabankinn.is
Staðfestingardags. lýsingar	Lýsingin var staðfest 12. september 2023

B. Lykilupplýsingar um útgefandann

Hver er útgefandi verðbréfanna?

Útgefandi verðbréfanna er Amaroq Minerals Ltd., kt. 600122-9910, LEI 213800Q21S5JQ6WKCE70, með aðsetur að 3400 One First Canadian Place, pósthólf 130, Toronto, On, M5X 1A4, Kanada. Útgefandinn er kanadískt hlutafélag og starfar í samræmi við kanadísk lög um hlutafélög. Útgefandinn er sjálfstætt námufyrirtæki sem vinnur við að finna, rannsaka og þróa námur með gulli og öðrum ákjósanlegum jarðefnum á Grænlandi. Stefna félagsins er að nýta stöðu sína sem brautryðjandi á Grænlandi eftir fyrri vinnu við, nýtingu Nalunaq-eignarinnar til að þróa fjölvöru námufyrirtæki og skila hluthöfum ávinningi í gegnum verulegt valréttarverð á landskika þar sem áhrifamiklar athuganir á eignum eiga sér stað. Félagið hyggst hefja tilraunanámugróft og vinnslu í fjallendinu við Nalunaq vegna mikilla náttúruauðlinda og nálægð við neðanjarðarinnviði sem eru til staðar. Áætlanir félagsins byggja á að fara úr tilraunafasanum yfir í fulla framleiðslu árin 2024/2025. Útgefandinn á einkanýtingarrétt á þrettán rannsóknarleyfum og einu nýtingarleyfi á Suður-Grænlandi sem ná

¹ Þessi samantekt er þýðing á enskum frumtexta sem finna má með lýsingunni. Ef eitthvað misræmi er til staðar á milli enska frumtextans og þessarar þýðingar, ber að styðjast við enska útgáfu textans.

yfir 9.783,8 ferkílómetra landsvæði þar sem mjög líklegt er að gull eða önnur ákjósanleg jarðefni sé að finna.

Framkvæmdastjórn útgefandans við útgáfu lýsingarinnar samanstendur af Eldi Ólafssyni (Chief Executive Officer) og Jaco Crouse (Chief Financial Officer) sem eru jafnframt í stjórn félagsins, Joan Plant (Vice President ESG and Corporate Secretary) og James Gilbertson (Vice President Exploration).

Engir ráðandi hluthafar eru í félaginu. Félaginu er ekki kunnugt um fyrirkomulag af neinu tagi sem gæti síðar meir leitt til breytingar á stjórnun útgefandans. Samþykktir félagsins gera ráð fyrir því að þeir hluthafar sem eiga 3% eða meira af almennum hlutabréfum félagsins geri félaginu viðvart um það og um síðari breytingar. Þann 12. september 2023 eru meginhluthafar útgefandans eftirfarandi:

Hluthafi	Fjöldi almennra hlutabréfa	Prósentutala hlutafjár
JLE Property Ltd.	19.407.936	7,36
First Pecos, LLC	15.853.128	6,01
Livermore Partners LLC ⁽¹⁾	14.481.924	5,49
Akta sjóðir hf.	10,619,870	4,03
Eldur Ólafsson	9.049.118	3,43
Sigurbjörn Þorkelsson	8.172.258	3,10

(1) Livermore Partners LLC er fyrirtæki þar sem David Neuhauser, stjórnarmaður hjá Amaroq Minerals, er framkvæmdastjóri.

Ársreikningar samstæðunnar fyrir tímabilin sem lauk 31. desember 2021 og 31. desember 2022 voru endurskoðaðir af BDO Canada s.r.l./S.E.N.C.R.L./LLP, 1000 De La Gauchetière Street West, Suite 200, Montréal, Québec H3B 4W5, Kanada. Ársreikningar samstæðunnar fyrir árið sem lauk 31. desember 2020 voru endurskoðaðir af PricewaterhouseCoopers LLP/s.r.l./s.e.n.c.r.l, 1250 René-Lévesque Boulevard West, Suite 2500 Montreal, Quebec H3B 4Y1, Kanada.

Lykilupplýsingar um fjármál útgefandans

Rekstrarreikningur samstæðu	1H 2023	1H 2022	2022	2021	2020
<i>Í kanadískum dólum</i>	\$	\$	\$	\$	\$
Heildartekjur		-	-	-	-
Útgjöld					
Rannsókn- og matsgjöld	3.459.846	5.435.831	12.700.526	14.280.055	7.055.707
Þróunarkostnaður vinnslusvæðis	1.825.564	-	-	-	-
Almennur kostnaður og stjórnunarkostnaður	5.383.216	5.086.708	10.150.020	9.703.198	4.322.826
Söluþap varanlegra fjármuna	37.791	-	100.536	-	-
Erlendur gjaldeyrir	(25.175)	(26.693)	(849.773)	809.751	1.130.808
Rekstrartap	10.681.242	10.495.846	22.101.309	24.793.004	12.509.341
Annar kostnaður (tekjur)					
Vaxtatekjur	(471.588)	(54.717)	(239.869)	(143.759)	(84.214)
Verkefnastjórnun	(506.640)	-	-	-	-

Gangvirðisbreyting á eignarhlut í samstarfsverkefni ²	(31.340.880)	-	-	-	-
Áhrif hlutdeildar í samstarfsverkefni	1.639.482	-	-	-	-
Fjármagnskostnaður	17.576	19.008	37.523	39.994	12.831
Annar kostnaður (tekjur)	-	-	-	-	(98.846)

Hreinar tekjur (tap) og heildartekjur (tap)	19.980.808	(10.460.137)	(21.898.963)	(24.689.239)	(12.339.112)
--	-------------------	---------------------	---------------------	---------------------	---------------------

Grunnhagnaður á hlut	0,08	(0,06)	(0,11)	(0,14)	(0,10)
Þynntur hagnaður á hlut	0,07	(0,06)	(0,11)	(0,14)	(0,10)

Efnahagsreikningur samstæðu

	1H 2023	1H 2022	2022	2021	2020
Eignir samtals	87.686.844	34.618.121	65.096.061	42.781.664	65.944.682
Eigið fé samtals	84.089.457	31.043.925	63.227.863	39.968.502	64.282.970
Skuldir samtals	3.597.387	3.574.196	1.868.198	2.813.162	1.661.712

Sjóðstreymi

	1H 2023	1H 2022	2022	2021	2020
Handbært fé við lok tímabils	39.669.852	19.494.000	50.137.569	27.324.459	61.874.999

Útgefandinn staðfestir að ekki hafa orðið neinar verulegar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefandans frá lokum síðasta fjárhagstímabils þann 30. júní 2023. Engar neikvæðar breytingar hafa orðið á fjárhagslegum horfum útgefandans frá síðasta endurskoðaða ársreikningi hans sem gefinn var út þann 31. desember 2022.

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir útgefandann

1) Félagið stundar námugróft á rannsóknarstigi og er sem stendur ekki með neinar vinnslunámur. Félagið þarf að stunda rannsóknir til að finna og þróa jarðefnaauðlindir á þeim landsvæðum sem það hefur fengið tilskilin leyfi frá jarðefnaleyfa- og öryggisstofnun Grænlands (e. MLSA - Mineral Licence and Safety Authority). Félagið getur ekki veitt neina fullvissu um að markaðsvænleg auðlind sé til staðar á neinum þeim landsvæðum sem félagið hefur eða mun fá rannsóknarleyfi fyrir. Takist félaginu ekki að finna markaðsvænlega auðlind á neinum af landsvæðum sínum mun það hafa neikvæða áhrif á rekstur félagsins.

Þó svo að Nalunaq-eignin (Nalunaq A/S fékk jarðefnanýtingareyfi frá MLSA 2003/05) hafi rekstrarsögu og að Amaroq hafi þróað jarðefnaauðlind umfram það sem var unnið úr námunni, býr raunvirði verkefnisins í þeim auðlindatækifærum sem hafa hingað til ekki verið almennilega magngreindir. Þróun þessara tækifæra er tiltölulega skammt á veg komin og krefst þess að félagið leggi frekari vinnu í rannsóknir. Engin fullvissa fyrir því að vinnan muni bera árangur.

² Joint venture

Tækifæri félagsins undir öðrum leyfum eru hver um sig á mismunandi byrjunarstigum og engin söguleg gögn fyrirfinnast sem á mætti byggja mat á viðskiptamöguleikum. Þó svo að vitað sé að gull og önnur jarðefni finnist á mörgum þeirra svæða sem félagið er leyfishafi fyrir mun félagið þurfa að leggja í umtalsverða rannsóknarvinnu til að sýna fram á viðskiptamöguleika þessara jarðefnalaga.

- 2) Engar tryggingar eru fyrir því að félagið geti staðið nægilega vel að útvíkkun rekstrar síns eða að starfsfólk fyrirtækisins, kerfi þess, ferli eða stjórnun dugi til að standa undir rekstri félagsins í framtíðinni. Geta félagsins til að hefja, viðhalda eða auka við árlega málmgrýtisvinnslu sína í framtíðinni fer að miklu leyti eftir því hversu vel því muni ganga að uppgötva auðlindir og þróa þessi leyfi. Mistakist stjórn félagsins að tryggja vöxt þess eða þróun gæti það haft neikvæð áhrif á viðskipti þess, fjárhagsstöðu og rekstrarárangur. Engin fullvissa er fyrir því að öll eða nokkur stefnumótunaratriði stjórnarinnar gangi samkvæmt áætlunum.
- 3) Félagið er að hluta til háð vörum og þjónustu sem þriðju aðilar útvega í venjulegu viðskiptaferli. Standi þeir ekki við samningsskuldbindingar sínar gæti það haft verulega neikvæð áhrif á rekstur félagsins. Félagið getur ekki spáð fyrir um gjaldþrot eða aðra stjórnunarbresti hjá neinum þriðja aðila í framtíðinni.
- 4) Um rekstur félagsins gilda ýmis lög og reglugerðir, m.a. lög og reglugerðir yfir fjármálamarkaði, umhverfismál, námugróft, orkumál, auðhringavarnir, gagnavernd, starfsmannamál og skatta. Þó félaginu sé ekki kunnugt um nein brot gegn gildandi lögum og reglugerðum getur það hvorki ábyrgst að það hafi alltaf hlítt slíkum lögum og reglugerðum í einu og öllu í gegnum tíðina í þeim lögsagnarumdæmum þar sem það starfar eða að það muni geta hlítt þeim í einu og öllu í framtíðinni.

Rekstur félagsins í framtíðinni er háður leyfum og samþykki ýmissa opinberra stofnana og reksturinn heyrir og mun heyra undir lög og reglugerðir um jarðefnaleit, þróun, námugróft, vinnslu, útflutning, skatta, vinnumarkaðsstaðla, vinnuvernd, losun úrgangs, eiturefni, landnýtingu, umhverfisvernd, dýrategundir í útrýmingarhættu og á valista, framkomu við frumbyggja, öryggi í námum og önnur mál. Grænensk stjórnvöld þurfa að samþykkja alla starfsemi sem byggir á leyfi skv. jarðefnaauðlindalögum (e. Mineral Resources Act) áður en framkvæmd hefst, í samræmi við skilmála viðkomandi leyfis. Engin trygging er fyrir því að slík leyfi eða samþykki verði veitt. Fáist slík nauðsynleg leyfi eða samþykki ekki kann félagið að upplifa tafir eða jafnvel vera meinað að hefja fyrirhugaðar rannsóknir eða þróun eignanna.

- 5) Jarðefnaleit er spákaupmennska og verulegir áhættuþættir eru fjölmargir. Verkefni geta verið óarðbær, bæði vegna þess að engin jarðefnalög finnist heldur einnig vegna þess þó svo að þau séu til staðar sé það ekki í nægilegu magni eða af nægilegum gæðum til að vinnslan leiði af sér hagnað.
- 6) Félagið getur ekki ábyrgst að eignarhald á eignum félagsins verði ekki véfengt. Eignarréttartrygging er yfirleitt ekki í boði fyrir jarðefnaeignir og geta fyrirtækisins til að tryggja að það hafi öðlast áreiðanlegt eignarhald á tilteknum jarðefnaeignum eða námusérleyfum kann að vera verulega takmörkuð. Um eignirnar kunna að gilda eldri og óskráðir samningar, framsalsgerðir eða kröfur og þættir eins og leyndir gallar kunna að hafa áhrif á eignarrétt.
- 7) Þróunar- og rannsóknarstarfsemi veltur að einhverju leyti á fullnægjandi innviðum. Áreiðanlegir vegir, brýr, aflgjafar og vatnsframboð hafa afgerandi áhrif á fjárfestingu og rekstrarkostnað. Það eykur flækjustigið að námuiðnaður á Grænland er á byrjunarstigi, þar er strjálbýlt og að eignir félagsins eru á afskekktum stað. Það gæti haft neikvæð áhrif á rekstur, fjárhagsstöðu og rekstrarárangur félagsins ef félaginu tekst ekki að tryggja nægilega góðan aðgang að vatni eða aflgjöfum. Aðrir atburðir á borð við óvenjuleg eða sjaldgæf veðurskilyrði, skemmdarverk eða afskipti stjórnvalda af þróun eða viðhaldi slíkra innviða

geta einnig haft neikvæð áhrif á rekstur, fjárhagsstöðu og rekstrarárangur félagsins.

- 8) Líftími námuvinnslu fer eftir jarðefnaframboðinu sem fyrir hendi er. Ákvörðun á arðvænleika jarðefnalags er margþætt og byggir m.a. að nægilega vel hafi takist til við að meta jarðefnaauðlindina, hversu mikið er endurheimt í málmvinnslunni, mati á fjárfestingar- og rekstrarkostnaði og mati á vöruverði og gengi gjaldmiðla í framtíðinni. Raunverulegur rekstrarárangur námubyggingar kann að vera frábrugðinn áætlunum sem hefur áhrif á arðvænleika námunnar og eignarinnar.
- 9) Meginreksturinn á sér stað á Grænlandi. Hlutdeild í leyfum á Grænlandi er veitt fyrir tiltekin tímabil og felur í sér áætlaðan árlegan kostnað og upplýsingaskyldu, auk annarra skilyrða sem ber að hlíta. Félagið gæti glatað leyfunum eða hlutdeild sinni í þeim ef skilyrðin eru ekki uppfyllt. Engin fullvissa er fyrir því að leyfin verði endurnýjuð þegar yfirstandandi gildistíma þeirra lýkur og þó svo að þau verði endurnýjuð er ekki víst að sú endurnýjun verði með sömu skilmálum.

C. Lykilupplýsingar um verðbréfin

Helstu einkenni verðbréfanna

<i>Almennar upplýsingar</i>	<p>Almennu hlutabréfin eru prískráð í kauphöllunum í Toronto (e. Toronto Stock Exchange-Venture Exchange - TSX-V) sem almenn hlutabréf, í London (e. London Stock Exchange - AIM) sem hlutdeildarskírteini (e. Depository Interests) og á Nasdaq First North vaxtarmarkaðnum (First North) sem heimildarskírteini. Heimildarskírteinin eru tekin til viðskipta á First North undir ISIN-númerinu IS0000034569 og skráð hjá Nasdaq CSD SE Iceland með auðkenninu AMRQ. Hvert heimildarskírteini jafngildir einu almennu hlutabréfi.</p> <p>Þegar Nasdaq Iceland hefur samþykkt töku heimildarskírteinnanna til viðskipta á aðalmarkaðnum verða heimildarskírteinin afskráð af First North við lok viðskipta þann dag og við upphaf viðskipta daginn eftir verða heimildarskírteinin tekin til viðskipta á aðalmarkaðnum.</p>
<i>Vörsluaðili</i>	<p>Samkvæmt fjárvörslusamningnum milli útgefandans og Arion banka hf. sem dagsettur er 21. október 2022 hefur útgefandinn skipað Arion banka hf. sem vörsluaðila. Vörsluaðilinn færir til bókar hjá sér öll heimildarskírteini sem gefin voru út í skiptum fyrir undirliggjandi hlutabréf og sem afhent voru í samræmi við fjárvörslusamninginn.</p>
<i>Gerð verðbréfa, flokkur og ISIN</i>	<p>Útgefið og útistandandi hlutafé félagsins samanstendur af 263.670.051 almennum hlutabréf með ekkert nafnvirði. Öll útgefin og útistandandi almenn hlutabréf hafa verið gefin út í samræmi við fyrirtækjalög í Kanada (e. <i>Canada Business Corporation Act</i>). Undirliggjandi hlutabréfin eru skráð í verðbréfamiðstöð í samræmi við viðeigandi verðbréfalög í Kanada. ISIN-númer undirliggjandi hlutabréfanna er CA02312A1066 og munu viðskipti með undirliggjandi hlutabréfin fara fram í kanadískum dölum.</p>
<i>Gjaldmiðill</i>	<p>Viðskipti með heimildarskírteinin sem skráð eru á Íslandi fara fram í íslenskum krónum.</p>
<i>Nafnvirði hvers hlutar</i>	<p>Undirliggjandi hlutabréfin hafa ekkert nafnvirði en alþjóðlegu heimildarskírteinin eru metin, hvert um sig, á 1 kr.</p>

<i>Réttindi tengd verðbréfunum</i>	Rafrænt skráðu heimildarskírteinin eru stofnuð og gefin út á skráðu og rafrænu formi í skráningarkerfi verðbréfamiðstöðvar Nasdaq í samræmi við íslensk lög nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, og íslensk lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga. Heimildarskírteinin fela í sér raunverulegt eignarhald að undirliggjandi hlutabréfunum og því eru öll réttindi sem tengjast hlutdeildarskírteinunum í öllum veigamiklum atriðum þau sömu og réttindin sem tengjast undirliggjandi hlutabréfunum.
<i>Forgangsréttur hluthafa</i>	Komi til gjaldþrots, félagsslita eða slitameðferðar hjá útgefandanum, hvort sem er sjálfviljugt eður ei, eða nokkurrar annarrar dreifingar eigna útgefandans á meðal hluthafanna vegna slitameðferðar á félaginu hafa eigendur almennu hlutabréfanna rétt á, með fyrirvara um réttindi eigenda hlutabréfa í nokkrum öðrum flokki, eftirstandandi eignum útgefandans.
<i>Frjálst framsal verðbréfanna</i>	Engar hömlur eru lagðar á framsal heimildarskírteina í félaginu. Engin bankaábyrgð eða ábyrgð af öðru tagi nær yfir heimildarskírteinin eða er ætluð til tryggingar fyrir skuldbindingum fyrirtækisins.
<i>Arðgreiðslustefna</i>	Félagið hefur enga arðgreiðslustefnu og hefur ekki greitt út neinn arð frá stofnun sinni.

Viðskiptavettvangur með verðbréfin

Ekkert útböð er fyrirhugað áður en heimildarskírteinin verða tekin til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Frá og með útgáfudegi þessarar lýsingar, 12. september 2023, verða íslensku heimildarskírteinin tekin til viðskipta á Nasdaq First North. Í kjölfar endurskoðunar Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og staðfestingar á lýsingunni mun útgefandinn sækja um að heimildarskírteinin verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland hf.

Ábyrgð með verðbréfunum

Engin ábyrgð er tengd verðbréfunum.

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin

- 1) Fjárfesting í hlutabréfum er almennt talin áhættumeiri en fjárfesting í ýmsum öðrum fjármálagerningum, svo sem skuldabréfum. Hlutabréfaverð getur sveiflast og virði þeirra getur fallið niður að núlli þannig að fjárfestar tapa allri fjárfestingu sinni. Ef til slita eða skipta kemur eru hluthafar aftastir í kröfuröð og fá aðeins greitt eftir að gildar kröfur annarra kröfuhafa hafa verið greiddar. Fjárfestar ættu að hafa hugfast að jafnvel þótt hlutabréf og heimildarskírteini sem eru í gildi hlutabréfa geti leitt af sér jákvæða ávöxtun er alltaf hættu á því að virði fjárfestingar í hlutabréfum tiltekinna félaga falli.
- 2) Margar breytur hafa áhrif á markaðsvirði hlutabréfanna sem tengjast ekki beint árangri félagsins. Þessar breytur eru meðal annarra: Þjóðhagslegar breytingar í Norður-Ameríku, á Bretlandi, á Íslandi og á heimsvísu, markaðsviðhorf gagnvart tilteknum atvinnugreinum, breytingar á fjárhagsáætlunum verðbréfrageiningaraðila, breytingar á vöruverði, gengissveiflur, það hversu mikil fagleg umfjöllun um viðskipti félagsins er í boði fyrir fjárfesta, útgáfa verðbréfa í samhengi við yfirtökur félagsins eða annarra og aðrir þættir.
- 3) Markaðsvirði og seljanleiki hlutabréfanna getur orðið fyrir verulega slæmum áhrifum af almennum verðlækkunum á markaði eða lækkunum á markaði fyrir sambærileg verðbréf.

Markaðsvæntingar geta einnig haft áhrif á markaðsvirði hlutabréfanna en þær mótast af þeim rannsóknum og skýrslum sem iðnaðurinn eða verðbréfgreiningaraðilar kunna að gefa út um félagið, viðskipti þessa, markað eða samkeppnisaðila. Ef greiningaraðili sem fjallar um félagið breytir meðmælum sínum um hlutabréfin, hættir að veita umfjöllun eða mælir með samkeppnisaðilum umfram félagið getur virði hlutabréfanna lækkað.

- 4) Seljanleiki hlutabréfanna sveiflast með breytingum á þáttum eins og raunverulegum eða væntanlegum breytingum á rekstrarárangri félagsins, breytingum á áætlunum eða meðmælum greiningaraðila, breytingum á regluverki, almennum markaðsaðstæðum og öðrum þáttum. Þrískráning verðbréfanna í Kanada, Bretlandi og á Íslandi gæti haft neikvæð áhrif á seljanleika og virði hlutabréfanna. Viðskipti með verðbréf á þessum mörkuðum eiga sér stað í mismunandi gjaldmiðlum, á mismunandi tímum og með ólíkri uppgjörstækni. Söluverð verðbréfanna á þessum mörkuðum gæti verið mismunandi vegna þessara þátta og annarra.
- 5) Virkur og skilvirkur eftirmarkaður með nægilegt magn af viðskiptum með hlutabréfin stuðlar að því að fjárfestar geti hagnast af fjárfestingunni. Félagið getur ekki ábyrgst að slíkur markaður fyrir hlutabréfin verði alltaf til staðar.
- 6) Almennt horfa hluthafar fram á þynningu ef til aukningar á hlutafé kemur nema þeir bæti við sig nýjum hlutabréfum. Hluthafar geta staðið frammi fyrir aukinni áhættu gagnvart fjárfestingu sinni samhliða þynningu þeirra hlutabréfa sem þeir eiga þegar, en það fer eftir því hvernig hlutafjárukningin er notuð. Fjármagnsþörf félagsins gæti aukist og það gæti gripið til útgáfu nýrra almennra hlutabréfa í framtíðinni. Sérhver slík útgáfa getur leitt til þynningar á verðbréfhlut núverandi hluthafa í félaginu.

D. Lykilupplýsingar um útboð verðbréfa til almennings og leyfi til viðskipta á skipulegum markaði

Skilyrði og tímaáætlun sem gilda um fjárfestingu í þessu verðbréfi

Ekkert útboð á sér stað. Íslensku heimildarskírteinin eru tekin til viðskipta á Nasdaq First North. Í kjölfar staðfestingar Fjármálaeftirlitsins á lýsingunni mun útgefandinn sækja um leyfi til viðskipta fyrir heimildarskírteinin á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland hf.

Upplýsingar um tilboðsgjafann og/eða aðilann sem sækir um leyfi til viðskipta

Útgefandinn hefur ráðið Landsbankann hf. til að hafa yfirumsjón með uppfærslunni, leyfisferlinu fyrir töku heimildarskírteina útgefandans til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland og gerð lýsingarinnar í samvinnu við stjórn og stjórnendur útgefandans. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér alla mögulega hagsmunaárekstra milli Landsbankans hf. og útgefandans.

Tilgangur lýsingarinnar

Þessi lýsing er gerð í tengslum við yfirfærslu heimildarskírteina frá Nasdaq First North yfir á skipulegan aðalmarkað Nasdaq Iceland. Útgefandinn ber allan kostnað í tengslum við að yfirfæra hlutabréfin og töku þeirra til viðskipta á skipulegum aðalmarkaði Nasdaq Iceland.